

42. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 30. nóv. 2006

Haldinn kl. 12-13 í húsnæði Samorku á Suðurlandsvegi.

Mætt: María, Gestur, Helga, Ragna, Bjarni Reyrr, Guðlaugur og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt.

Niðurstaða ferðar til Uganda og umsókn til ÞSSÍ

María og Gestur sögðu okkur frá ferð sinni til Uganda 15. – 19. nóv. þar sem þau sátu m.a. á löngum fundum með Trudy og Odida, en þau stofnuðu og reka Kitetikka-skólann fyrir hönd Uganda Australian Foundation (UAF). Auk þess áttu þau fundi með Rosette, lögfræðingi og fleirum. Gestur dvaldi lengur eða til 23. nóv. og hélt áfram að vinna í málefnum CLF og Alnæmisbarna þá daga.

Kitetikka-skólinn er afar stór skóli, en í honum eru 300 börn á barnaheimili, 1300 nemendur í grunnskóla og 650 nemendur í framhaldsskóla, en hann var stofnaður árið 2000. Candel Light hefur haft allmargar stúlkur í framhaldsskólanum og hefur þeim nánast alltaf gengið mjög vel. Trudy og Odida sögðust hafa áhuga á því að útvíkka starfsemi og setja upp verkmenntaskóla, þar sem ekki allir nemendur vilja fara í langskólanám. Þau vildu einnig í skólastarfi sínu geta hugað betur að ungum mæðrum og umönnun ungbarna.

Rætt var um byggingu heimavistar og endurhæfingamiðstöðvar fyrir ungar mæður í nágrenni Kitetikka, svo þær kæmu ekki inn í skólann beint af götunni. Þar yrði unnið við kertagerð, ræktun o. fl. í 6-12 mánuði eða lengur eftir þörfum. Þarna lærðu þær heilsuvernd, lífsleikni, lestur, skrift og umönnun barna. Þær færu síðan þaðan inn í Kitetikka-skólann í grunn-, iðn- eða framhaldsnám eða þær gætu nýtt sér þekkingu sína til þess að vinna á barnaheimili skólans. Bygging verkmenntadeildar, kennslustofa, heimavistar og leikskóla gætu kostað um 8 milljónir króna. Hlutverk Alnæmisbarna yrði þá fyrst og fremst að styrkja þær stúlkur og börn sem væru í Kitetikka-skólanum.

Trudy tjáði þeim síðan að til þess að UAF gæti komið að málinu þyrfti CLF að hafa öll tilskilin leyfi til þess að starfa. Ekki hefði verið nægjanlega vel gengið frá leyfisumsóknum og árlegum uppgjörum við hið opinbera eins og lögin kváðu á um. Haft var samband við lögfræðinginn Charles Opwonya sem gekk frá málum CLF í upphafi og er einnig lögfræðingur UAF. Félagið hafði í byrjun verið skráð sem hlutafélag þar sem Erla hafði verið skráð fyrir 80% hlutabréfa og Rosette 20%. Síðan hafði CLF verið skráð sem NGO, en haldið enn skráningu sem hlutafélag. Charles sagði að það væri algengara að skrá NGO sem „limited by guaranty“ í stað „limited by shares“ eins og CLF væri nú. Fyrirnefnda fyrirkomulagið veitir öllum skráðum félögum jafnan rétt og þeir kjósa stjórn. Hann leiðbeindi

ennfremur um árlegar skráningar félagsins og hvaða gögn þyrftu að vera tilstaðar. Hann taldi að unnt væri að lagfæra það sem afvega hefði farið. Við endurskoðun á lögum félagsins þarf að taka afstöðu til hvort forminu verði breytt þ.e. að breyta því í „limited by guaranty“, en það virðist vænlegt. Reynt er að vinna að drögum að nýjum lögum sem fyrst og að CLF vinni í samræmi við lög og reglugerðir t.d. um greiðslu í lífeyrissjóði sem ekki hafði verið gert.

Á síðari stigum kom fram að Rosette vildi ekki að CLF yrði hluti af Kítetikka og Trudy vildi jafnframt ekki að Rosette yrði starfsmaður skólans. Því er spurning hvort Rosette geti rekið kertasöluna áfram sem eigið fyrirtæki ásamt 2-3 stelpum, enda á hún hlut í henni ásamt Gesti. Alnæmisbörn myndi þá ekki skipta sér meir af þeirri starfsemi í framtíðinni nema ef aðstoða þyrfi einhverja stúlkuna þaðan til þess að komast inn í Kítetikka-skólann.

Fjárhagsstaða félagsins

Fjárhagsstaðan er kr. 1.335.000,- í dag þegar nánast öll gjöld eru greidd.

Búið er að senda inn aðra styrkumsókn til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) á nýjum forsendum. ÞSSÍ hefur verið að styrkja Kítetikka t.d. með byggingu heimavistar.

Komið hafa inn styrkir frá fyrirtækjum. Má þar nefna kr.180.000,- frá Orkuveitunni og kr. 120.000,- frá Soroptimistum í Hafnarfirði og Garðabæ.

Starfsfólk Rannís ætlar að gefa forstöðumanni Rannís gjafabréf til þess að kaupa 4 saumavélar fyrir CDL. Þetta gætu fleiri tekið upp.

Verkefni framundan

Allt tilbúið fyrir félagsfundinn á Kaffi Viktor þann 1. des. Grein um heimsókn Sigríðar Baldursdóttur til CLF kemur í Morgunblaðinu þann 30. nóv. Fundurinn hefur einnig verið auglýstur af forsvarsmönnum 16 daga átakins. Setja á fyrirlestur Sigríðar Baldursdóttur inn á heimasíðuna okkar.

Rætt um að stefna bæri að því að hafa eitthvert efni á heimasíðu Alnæmisbarna á ensku.

Stefnt er að því að gera nýtt vefumsjónarkerfi þannig að allir geti sett inn fréttir. Það kemur til með að kosta kr. 900,- aukalega á mánuði og kr. 2.500,- í stofngjald. Það er möguleiki að Síminn komi til með að styrkja okkur sem þessu nemur þar sem þeir hafa styrkt okkur fram til þessa.

Næsti fundur verður haldinn á nýju ári, nema eitthvað óvænt komi upp.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar